



LEB

Landssamband eldri borgara

355. Stjórnarfundur LEB – 24. mars 2022

kl. 10.00 – Fundurinn haldinn sem fjarfundur á ZOOM

Mættir:

Aðalstjórn: Helgi Pétursson, Drífa Jóna Sigfúsdóttir, Valgerður Sigurðardóttir, Ingibjörg H. Sverrisdóttir, Þorbjörn Guðmundsson.

Varastjórn: Ásgerður Pálsdóttir, Ragnar Jónasson, Ingólfur Hrólfsson,
Auk þeirra sátu fundinn: Viðar Eggertsson skrifstofustjóri LEB og Steinunn Valdimarsdóttir, verkefnastjóri LEB

Dagskrá:

1. Landsfundur LEB

Fundurinn verður haldinn 3. maí í Hafnarfirði. Farið yfir þau atriði sem eru nauðsynleg fyrir fundinn. Fyrirhugaðar lagabreytingar sem verða lagðar fyrir fundinn.

Skipun kjörbréfanefndar, en hana skipa Viðar Eggertsson skrifstofustjóri LEB, Steinunn Valdimarsdóttir verkefnastjóri LEB og Ingólfur Hrólfsson úr varastjórn LEB.

Umræða fór fram um yfirskrift landsfundar og samþykkt var að fundinum yrði streymt.

Tillögur að gestaerindum á fundinn voru ræddar og komu fram ýmsar hugmyndir sem unnið verður úr og skýrist fljótlega hver niðurstaðan verður.

2. Fyrirlestraröð í samstarfi við FEB

Félaginu í Reykjavík, FEB, hefur verið boðið af einum velunnara félagsins að vera með fyrirlestra um áhugavert efni um ýmislegt fróðlegt eins og sögu, trúfræði, jarðfræði og fleira. Hugmynd er uppi um að leyfa öðrum aðildarfélögum LEB að njóta með streymi þegar þar að kemur. Nánar um það seinna.

3. Önnur mál

Formaðurinn, Helgi, sagði frá heimsóknnum sínum út á land til annarra aðildarfélaga sem hann hefur reyndar verið að sinna á undan förnun ári sem hefur mælst vel fyrir.

Fundi slitið kl. 11:00

Ritari fundargerðar: Ingibjörg H. Sverrisdóttir

Fundargerð samþykkt á stjórnarfundum 20. apríl 2022